

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar —febrúar 2020

Skráð atvinnuleysi var 5,0 % í febrúar

Skráð atvinnuleysi í febrúar mældist 5,0% og jókst um 0,2 prósentustig frá janúar.

Að jafnaði voru 9.162 einstaklingar á atvinnuleysisskrá í febrúar og fjölgaði um 354 frá janúar. Alls voru 3.472 fleiri á atvinnuleysisskrá í febrúar 2020 en í febrúar árið áður.

Alls voru 5.314 karlar að jafnaði atvinnulausir í febrúar og 3.848 konur og var atvinnuleysi 5,2% meðal karla og jókst um 0,2 prósentustig og 4,7% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig frá janúar.

Atvinnuleysi jókst alls staðar frá janúar nema á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi minnkaði lítilsháttar eða um 0,1 prósentustig og var 3,1%, á Vesturlandi þar sem það breyttist ekki og var 3,1% og á Austurlandi þar sem var óbreytt, 2,8%. Atvinnuleysi jókst mest á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og Suðurlandi eða um 0,2 prósentustig.

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist í mars en að aukningin verði minni en í febrúar og atvinnuleysi á bilinu 5,0% til 5,2%.

Greiddar voru 2.594 milljónir í atvinnuleysistryggingar í febrúar.

Í febrúar tóku 1.463 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 614 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.


Alls fóru 806 einstaklingar af skrá í febrúarmánuði, þar af fóru 430 í vinnu eða um 53%.

Alls komu inn 132 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 34 störf.

Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 163 atvinnuleyfi til útlandinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 47 til nýrra útlandinga á íslenskum vinnumarkaði og 116 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í febrúar 2020 með samtals 165 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 533 í febrúar á vegum 20 starfsmannaleiga.

Alls voru 3.906 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar en voru 2.192 í lok febrúar 2019.




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í febrúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í febrúar mældist eins og fyrr segir 5,0% og voru að jafnaði 9.162 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 354 á atvinnuleysissskrá frá janúar. Alls voru febrúar 3.472 fleiri á atvinnuleysissskrá en í febrúar 2019.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi jókst alls staðar frá janúar nema á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi minnkaði lítilsháttar eða um 0,1 prósentustig og var 3,1%, á Vesturlandi þar sem það breyttist ekki og var 3,1% og á Austurlandi þar sem var óbreytt, 2,8%. Atvinnuleysi jókst mest á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og Suðurlandi eða um 0,2 prósentustig. Langmest var atvinnuleysi á Suðurnesjum 9,1%, á höfuðborgarsvæðinu 5,0% og 4,6% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 5.314 karlar að jafnaði atvinnulausir í febrúar og 3.848 konur og var atvinnuleysi 5,2% meðal karla og

jókst um 0,2 prósentustig og 4,7% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig frá janúar.

Alls voru 1.209 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok febrúar í ár sem samsvarar um 4,6% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 397 frá febrúar 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 812.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.893 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar en 1.137 í febrúarlok 2019. Hefur þeim því fjölgað um 756 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var 19,4% af öllum á atvinnuleysissskrá í febrúar 2020 en 18,5% í febrúar 2019.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í febrúar 2020 frá febrúar 2019. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í mannvirkjagerð og í flutningum. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi í upplýsingum og fjarskiptum svo og í fiskvinnslu.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal iðnaðarmanna svo og meðal skrifstofufólks en minnst meðal fólks í sjávarútvegi og landbúnaði og sölu og afgreiðslufólks.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

2.594 milljónir í febrúar

Par af voru:


**2.384 milljónir vegna
hefðbundinna
atvinnuleysistrygginga.**

**67 milljónir vegna
barnadagpeninga.**

**143 milljónir vegna tekjutengdra
atvinnuleysistrygginga.**

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.906 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar. Þessi fjöldi samsvarar um 11,1% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er mikil aukning frá því í febrúar 2019 þegar fjöldi atvinnulausra með erlent ríkisfang var 2.192 eða um 6,3%.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysiskrá komu frá Póllandi eða 2.165, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysiskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í mars aukist og verði á bilinu 5,0% til 5,2%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 806 einstaklingar af skrá í febrúarmánuði, þar af fóru 430 í vinnu eða um 53%. Þá var 221 (27%) einstaklingur afskráður sem staðfesti ekki atvinnuleit í lok febrúar. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 39 einstaklingar afskráðir vegna þess að þeir fluttu úr landi, 32 einstaklingar voru óvinnufærir og 14 einstaklingar fóru í fæðingarorlof.


Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysiskrá í febrúar 2020



Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í febrúar, 57% voru karlar en 43% konur. Um 79% afskráðra eða 636 einstaklingar höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 11% (92) í 6 til 12 mánuði. Um 10% afskráðra (78) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 36% og um 32% voru 30-39 ára. Í

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok febrúar 2020



aldurshópnum 40-49 ára voru 14% afskráðra og 17% í aldurshópnum 50 ára eða eldri.

Auglýst störf í vinnumiðlun í febrúar

Alls komu inn 132 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Um nokkuð fjölbreytt

störf var að ræða en mest störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum eða 34 störf. Þá voru auglýst 22 stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf og 21 starf fyrir iðnaðarmenn og eins 21 starf verkafólks í þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 64%. Annað eru átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna eða 47%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 18% á Suðurlandi og 11% á Vestfjörðum. Þá eru 24% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	22	17%
Þjónustustörf	17	13%
Afgreiðslustörf	17	13%
Iðnaðarmenn	21	16%
Verkafólk í þjónustu	21	16%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	34	26%
Samtals	132	100%


Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara tímabundið þá af skrá á meðan á úrræðinu stendur.

Í febrúar tóku 1.463 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 614 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 459 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru einhverjir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 175 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 65 einstaklingar voru í atvinnutengdu úrræði eða endurhæfingarúrræði.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í febrúar unnu 40 einstaklingar að slíkri hugmynd.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í febrúar 2020




- Grunnúrræði
- Námskeið
- Námskeið í framh.sk./háskóla
- Endurhæf. Ofl. Atvinnutengt
- Próun viðsk. hugm.
- Starfsþjálfun

Þá voru 110 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar voru gefin út 134 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 93 einstaklingar, níu fóru til Litháen og eins níu til Spánar. Þá voru gefin út 23 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja. Í febrúar komu tveir einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, febrúar 2020



- Pólland
- Litháen
- Spánn
- Lettland
- Annað

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í febrúar voru gefin út 74 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (25), 15 vottorð voru gefin út til Póllands og fimm til Spánar. Þau sem eftir standa, eða 29 vottorð, voru gefin út til 12 annarra ríkja.


Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 163 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 47 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 116 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í febrúar 2020



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í febrúar, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 53 leyfi. Þá voru gefin út 42 sérfræðileyfi og 26 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 35%. Um 22% vegna þjónustustarfa og 23% vegna verkafólks. Um 20% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 35 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í febrúar 2020 með samtals 165 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 533 í febrúar á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 59%, 21% var frá Litháen og 12% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 8% starfsmanna, komu frá átta öðrum ríkjum.

**ÁBYRGÐASJÓÐUR
LAUNA GREIDDI
152 launamönnum
vangoldin laun vegna
gjaldbrota 28 fyrirtækja í
febrúar**

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnuálastofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra